

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræði 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. október 2015

**Málefni: Umsögn um frumvarpi til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013, með síðari breytingum, 140. mál.**

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins skila sameiginlegri umsögn um frumvarpið. Samtökin gera athugasemdir við 2. gr. fumvarpsins sem breytir 9. gr. laganna um varúðarreglu.

Í Ríó - yfirlýsingunni frá 1992 er 15. meginreglan skilgreind þannig:

*Í því skyni að vernda umhverfið skulu ríki í ríkum mæli beita varúðarreglunni eftir því sem þau hafa getu til. Skorti á vísindalegri fullvissu, þar sem hætta er á alvarlegu eða óbætanlegu tjóni, skal ekki beitt til að fresta kostnaðarhagkvæmum aðgerðum sem koma í veg fyrir umhverfisspjöll.*

Rétt er að minna á að frá 1992 hefur verið leitt í lög hér gríðarlega umfangsmikið lagasafn sem útfærir m.a. varúðarregluna auk annarra reglna Ríó - yfirlýsingarinnar. Hér má minna á lög um mat á umhverfisáhrifum, lög um umhverfismat áætlana, lög um umhverfisábyrgð, lög um upplýsingarétt um umhverfismál, lög um varnir gegn mengun hafs og stranda, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, efnalöggjöfina, skipulagslög og mannvirkjalög. Í þessum lögum og fjölmörgum öðrum sem þeim tengjast eru ákvæði til verndar umhverfinu og náttúrunni, leyfisveitingar, stjórvaldsákvarðanir auk þess sem skapaður hefur verið almennur umsagnarréttur og viðtækar kæruleiðir. Allt hefur þetta í för með sér gríðarlega umfangsmikið kerfi og að einstakar fyrirhugaðar framkvæmdir geta verið til umfjöllunar án niðurstöðu svo árum skiptir.

Í frumvarpinu er lagt til að varúðarreglan verði útsærð nánar í reglugerð. Þau atriði sem þar eru nefnd eru nú þegar höfð að leiðarljósi í ofangreindum lögum, m.a. í lögum sem snúa að leyfisveitingum sem og lögum um mat á umhverfisáhrifum áætlana og framkvæmda. Við gerð reglugerðarinnar er því mikilvægt að hugað sé að samþættingu við önnur lög og tryggt sé að ekki verði búið til nýtt ferli auk þeirra sem fyrir eru. Samtökin hafa í áraraðir kallað eftir einföldun á leyfisveitingum og samþættingu matsferla. Það getur aukið framleiðni hjá bæði einkaaðilum og opinberum aðilum samfélagini öllu til góða. Rétt er að benda á að í fréttum dagsins í dag kemur fram að einföldun leyfisveitinga og skilvirkari stjórnsýsla er eitt af megin markmiðum í sameiginlegri stefnu stjórvalda og ferðaþjónustunnar.

Samtökin leggja til eftirfarandi:

- Samtökin telja c. og d. liði í b. lið 2.gr. óþarfa og leggja til að þeir falli brott. Ekki er þörf á að setja upp sérstaka matsferla heldur er skilvirkara og eðlilegra að samþætta matið ferlum sem fyrir eru, fyrir stjórvaldsákvarðanir sem undir lögini falla. Samtökin telja jafnframt eðlilegt að eins og nefnt er í Ríó - yfirlýsingunni verði að leggja mat á kostnaðarhagkvæmni þeirra aðgerða sem lagt er til að ráðast í hverju sinni.

- b) Samtökin benda á að hvergi er að finna skilgreiningu á náttúruverðmætum í frumvarpinu né náttúruverndarlögnum og nauðsynlegt er að það hugtak verði skýrt nánar.
- c) Samtökin leggja til að orðin „*sem varða vísindalega vissu eða óvissu*“ í a. lið b. liðar 2. gr. frumvarpsins falli brott. Allar ákvarðanir hafa í för með sér ákveðna óvissu og það er hlutverk stjórnvalda að bera pólitiska ábyrgð á þeim. Hafa verður í huga að varúðarreglan nær alls ekki til þeirrar varúðar sem vísindamenn nota til meta óvissu í gögnum sínum. Í skyrslu ESB um varúðarregluna (COM(2000)1 Communication from the Commission on the precautionary principle (sjá lið 4 á bls. 3) er lögð áhersla á að varúðarreglan feli í sér skipulagt ferli til að greina áhættu og feli í sér þrjá þætti þ.e. áhættumat, áhættustjórnun og miðlun upplýsinga um áhættu. Þar segir einnig að varúðarreglunni eigi ekki að rugla saman við þá varúð sem vísindamenn nota til að meta gæði gagna. (e. *The precautionary principle should be considered within a structured approach to the analysis of risk which comprises three elements: risk assessment, risk management, risk communication. The precautionary principle is particularly relevant to the management of risk. The precautionary principle, which is essentially used by decision-makers in the management of risk, should not be confused with the element of caution that scientists apply in their assessment of scientific data.*)

Nauðsynlegt er að við stjórnvaldsákvarðanir sé gætt meðalhófs, þær teknar án mismununar og séu í innra samræmi auk þess að vera gagnsæjar. Þess vegna verður að taka ákvarðanir eftir skipulögðu ferli þar sem vitað er hvaða þættir koma til skoðunar. Meta verður áhættu sem ákvörðunin hefur og afleiðingar hennar. Það er mikilvægt að sem bestar upplýsingar liggi fyrir bæði hvað varðar jákvæða og neikvæða þætti. Meta þarf umhverfisáhrif, samfélagsleg áhrif og hin efnahagslegu. Til þess að unnt sé að taka ákvarðanir með sem bestri vissu um áhrif þeirra hefur Alþingi samþykkt öll þau lög sem áður er minnst á.

Virðingarfyllst,

  
Helgi Reimarsen  
f.h. Samtaka atvinnulífsins

  
Birna Ólafsdóttir  
f.h. Samtaka iðnaðarins